



Vilborg Dagbjartsdóttir

Vilborg Dagbjartsdóttir er án efa á meðal þekktustu ljóðskálda landsins. Hún er einnig virtur og mikilvirkur þýðandi og barnabækur hennar eru löngu orðnar sígildar.

Vilborg fæddist þann 18. júlí, 1930, að Hjalla á Vestdalseyri í Seyðisfjarðarkaupstað. Hún var sú níunda í röðinni af tólf systkinum.

Vilborg er menntuð leikkona og kennari. Hún er róttæk í stjórnámálum og var frumkvöðull í jafnréttisbaráttu á Íslandi. Hún var virk í félagsmálum og var meðal annars í stjórn Rithöfundasambands Íslands og Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna.

Vilborg hefur hlotið margvísleg verðlaun fyrir ritstörf sín. Þar má nefna verðlaun Fræðsluráðs Reykjavíkur fyrir best þýddu barnabókina, Menningarverðlaun DV, Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar og hina íslensku fálkaorðu.

Náttúran er Vilborgu hugleikin og hún vísar gjarna til hennar í ljóðum sínum. Vilborg er blátt áfram og einlæg, skáldskapur hennar er laus við alla tilgerð. Með ljóðum sínum malar hún skýrar myndir þar sem orðin eru ekki til skrauts, þau miðla því sem skáldið vill segja. Oft horfir hún á heiminn með augum barnsins og hún lítur gjarna til bernskunnar og æskustöðvanna á Vestdalseyri.

Vilborg var barnakennari að ævistarfi og skólabörn koma ósjaldan fyrir í ljóðum hennar. Dæmi um það er eitt af hennar þekktustu ljóðum, Nú haustar að.

Nú haustar að

Einhverja nóttina koma skógarprestirnir
að tína reyniber af trjánum
áður en þeir leggja í langferðina yfir hafið,
en það eru ekki þeir sem koma með haustið
það gera lítil börn með skólatöskur.

Fyrsta ljóðabók Vilborgar var *Laufið á trjánum* sem kom út árið 1960. Nýjasta ljóðabók hennar *Síðdegi* kom út árið 2010.

Byggt á:

Elín Lilja Jónasdóttir. 1999. *Óðrerir*. [Óprentuð ritgerð].
Kristín Marja Baldursdóttir. 2000. *Mynd af konu*. Reykjavík, Salka.

Krækjur:

- Vilborg Dagbjartsdóttir á bokmenntir.is: http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3947/6645_read-19088/RSkra-125
- Vilborg Dagbjartsdóttir, Ritþing í Gerðubergi : http://www.gerduberg.is/Portal-Data/19/Resources/myndefni/thing/11_vilborg_dagbjartsdottir_ritthing.pdf
- Æviágrip: http://www.melt.is/lok/almennt/ljodskald_man/Vilborg_Dagbjarts/Aeviagrip.pdf



Á fermingardegi systur minnar blómstraði snædrottningin

Auðvitað hafði mamma undirbúið þetta
eins og hún mögulega gat.
Hún vökvaði rósina á hverjum degi
og hagræddi henni í glugganum
meðan hún bað hana með mörgum fögrum orðum
að gera nú þetta lítilræði fyrir sig
fyrst svona stæði á.

Kannski hefur hún fært það aðeins í tal við guð
varla spillti það fyrir.
Hvernig svo sem því var farið
vöknuðum við upp um morguninn
við hrópin í henni:
„Komið þið!
Lítið þið bara á!
Blessuð snædrottningin mín
sú gerir það ekki endasleppt.
Ekki þarf ég að skammast mín fyrir barnið í kirkjunni.
Hvað um kjólinn, stúlka mín.
Með svona rós í barminum tekur enginn eftir honum.“
Og systir mín roðnaði af gleði
en við öll í kringum hana og hlógum
og vissum að hún yrði langfallegust
þegar hún gengi inn kirkjugólfíð
með rósina hvítu í barminum.

Vilborg Dagbjartsdóttir

Upp úr aldamótunum 1900 urðu hvítir síðir kjólar algengir sem fermingarkjólar. Þeir gengu oft stúlkna á milli og gátu verið orðnir ansi gamlir þegar til átti að taka, ekki síst hjá efnaminni fjölskyldum.

1. Ræðið eftirfarandi spurningar í bekknum eða í litlum hópum:

Mamman þarf ekki að skammast sín fyrir barnið í kirkjunni, fyrst rósinn fallega skyggir á kjólinn. Útlitið skipti miklu máli í fermingum í gamla daga, heiður heimilisins gat verið að veði.

- a)** Hvernig er þetta í dag? Hefur eitthvað breyst? Hvað þá/ hvað ekki?

Árið 1954 hófst notkun fermingarkyrtla hér á landi.

- b)** Breyta þeir einhverju að ykkar mati? Hverju?
- c)** Hvernig er þetta í dag? Skammast foreldrar sín fyrir það að hafa ekki efni á að kaupa það sem „þarf“ fyrir fermingu barna sinna? Eða skiptir álit annarra minna máli núna? Meira kannski? Hvað finnst ykkur?
- d)** Hugsa fullorðnir mikið um hvað öðrum finnst? En þið sjálf?

2. Ritun – bréf

Þú mátt velja hvort þú ert fermingarstúlkan eða bróðir hennar. Skrifaðu afa þínum, sem er lasburða og gat ekki verið viðstaddur í kirkjunni, stutt bréf. Mundu að lýsa vel öllum aðstæðum og því sem bar fyrir augu. Gamli maðurinn er forvitinn og honum finnst gaman að fylgjast vel með sínu fólki.

3. Myndlist

Veljið eitt eða fleiri af eftirfarandi verkefnum:

- a)** Hvernig haldið þið að snædrottningin hafi litið út? En kjóllinn? Teiknið mynd af fermingarstúlkunni með rósina.
- b)** Teiknið myndasögu sem lýsir efni ljóðsins.
- c)** Teiknið myndasögu sem sýnir kirkjugesti (þar á meðal fjölskyldu stúlkunnar) þegar hún gengur inn kirkjugólfið.



Viðhorf

Þú segir: Á hverjum degi
styttist tíminn
sem við eigum eftir.
Skref fyrir skref
færumst við nær
dauðanum

- en ég þræði dagana
eins og skínandi perlur
upp á óslitinn
silfurþráðinn

Á hverju kvöldi
hvísla ég glöð
út í myrkrið:
Enn hefur líf mitt
lengst um heilan dag

Vilborg Dagbjartsdóttir

1. Ræðið í bekknum eða í litlum hópum:

Um hvað fjallar þetta ljóð?

2. Ritun

Hugsaðu þér hvernig þessar tvær manneskjur myndu bregðast við ef fyrirtækið sem þær ynnu hjá yrði skyndilega gjaldþrota og þær misstu vinnuna fyrirvaralaust.

Lýstu viðbrögðum þeirra. Þú getur skrifað ljóð, leikrit eða laust mál.

3. Samvinnuverkefni

Hugsið ykkur aðstæður sem reyna á viðhorf mannsins til lífsins. Þær þurfa ekkert endilega að vera erfiðar, þær geta alveg eins verið gleðilegar. Til dæmis stórafmæli, flutningur, andlát eða barnsfæðing.

Búið til stuttan leikþátt þar sem fulltrúar beggja viðhorfa rökræða og þar sem lífssýn þeirra kemur skýrt fram. Leikið leikþáttinn fyrir bekkinn.

4. Myndlistarverkefni

a) Teiknaðu/málaðu mynd eða myndir sem túlka efni ljóðsins.

b) Búðu til klippimynd sem túlkar efni ljóðsins.

5. Tónlistarverkefni

a) Semdu lag eða lög sem túlka efni ljóðsins. Spilaðu lagið/lögin fyrir bekkinn.

6. Tónlist og ljósmyndir

b) Veldu saman lög og myndir sem túlka efni ljóðsins. Sýndu bekknum afraksturinn.

Ljósmyndir sem nota má án endurgjalds, má til dæmis finna hér:

<http://flickr.com/commons>



Á Vestdalseyri

Tómlegt varð á Eyrinni

þegar fjölskyldurnar
hver af annarri
fluttu burt

sumar yfir fjörðinn
aðrar til Reykjavíkur
húsin stóðu eftir.

Gluggarnir fylltust myrkri
hliðin brotnuðu
arfinn lagði undir sig kartöflugarðana.

Tómlegt varð á Eyrinni.

Stundum mátti á haustkvöldi
greina gamalkunn hróp
sem bar handan yfir í kyrrðinni

krakkarnir voru þar í boltaleik.

Við sátum á tröppunum
og töldum ljósin
hinum megin.

Eitt og eitt kviknuðu þau
og svo skyndilega öll götuljósin
eins og glitrandi perluband

eins og stjörnur á eilífðarströnd.

Vilborg Dagbjartsdóttir

1. Umræður

Ræðið eftirfarandi spurningar í bekknum eða í minni hópum: Þetta ljóð er mynd úr bernsku Vilborgar Dagbjartsdóttur sem fæddist á Vestdalseyri við Seyðisfjörð og bjó þar til tólf ára aldurs.

- a) Gæti ljóðið gerst í dag? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
- b) Hvers vegna fara þorp og bæir í eyði?

2. Ritun

- a) Ímyndaðu þér að þú sitjir á tröppunum fyrir utan hús á Vestdalseyri, horfir á ljósin hinum megin og heyrir í krökkunum. Hvernig líður þér? Skrifaðu nokkrar línur, sem lýsa líðan þinni.

3. Hópvinna

Vestdalseyri var eitt sinn blómlegt þorp, þar sem bjuggu á milli tvö og þrjúhundruð manns þegar mest var. Þar var kirkja, verslun, prentsmiðja, skóli, skósmiður, hvalveiðistöð og margt fleira. Síðasti íbúinn flutti burt um 1960.

Ímyndið ykkur að þið séuð síðustu íbúarnir sem flytja burt úr þorpinu. Hvað getir þið tekið með ykkur? Hvað þurfið þið að skilja eftir? Hvert eruð þið að fara? Til Seyðisfjarðar, Reykjavíkur, eða eitthvað allt annað?

- a) Skrifið minnismiða með öllu sem þið þurfið að gera fyrir brottförina.
- b) Skrifið póstkort til ættingja með kveðju og nýju heimilisfangi. Munið að útbúa mynd og frímerki á kortið.
- c) Skrifið tvo lista. Annars vegar það sem hægt er að taka með og hins vegar það sem verður að skilja eftir.
- d) Semjið kveðjuljóð til gamla heimilisins.

4. Myndlist

Teiknaðu tvær myndir af Vestdalseyri. Eina sem sýnir hana áður en fólkið fór að flytja burt og aðra þegar fáir eru orðnir eftir. Ef þig vantar hugmyndir þá getur verið gott að glugga í bækurnar Bogga á Hjalla og Fugl og fiskur (bls. 60–67 og bls. 76–98) eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur.

Krækjur:

<http://www.sfk.is/byggingafulltrui/images/stories/vestdalseyri.pdf>

Gömul kort af Vestdalseyri

<http://www.xn--rv-rka.is/sarpurinn/landinn/09102011/netagerd-a-neskaupsstad>

Myndband frá Vestdalseyri

<http://photo.blog.is/blog/photo/entry/246843/>

Myndir frá eyðibýli í Laxárdal.



Þú

segðu mér eitthvað
sem enginn veit
nema þú

hvíslaðu að mér
því sem enginn má heyra
nema ég.

Vilborg Dagbjartsdóttir

1. Ritun

Teiknaðu mynd af persónu. Þetta má vera þú, eða einhver sem þú býrð til. Þessi persóna á sér leyndarmál. Þú getur teiknað það inn á myndina ef þú vilt. Skrifaðu svo ljóð eða sögu um leyndarmálið. Þú þarft ekki endilega að segja hvert leyndarmálið er.

2. Myndlist – hópverkefni

Hafið þið séð felumyndir? Á þeim er eitthvað falið sem ekki sést auðveldlega, en er samt á myndinni. Sem sagt eins konar leyndarmál, sem er hægt að sjá ef maður leitar vel. Nú skuluð þið búa til ykkar eigin felumynd. Þið skulið hugsa ykkur vel um áður en þið byrjið, því umhverfið skiptir miklu máli. Það er oft auðveldara að fela bíla á umferðagötum en í eyðmörkum og fugla í skógi en á heiðum himni.

3. Leikir

a) Hvísl

Það kunna sennilega allir hvísluleik.

Leikurinn hefst á því að leikmenn setjast í hring. Sá sem er „hann“ á að hvísla heilli setningu í eyrað á næsta manni sem hvíslar að þar næsta manni og svo koll af kolli. Sá sem er síðastur og næst spyrjandanum á að segja setninguna upphátt. Þar sem setningin vill oft breytast töluvert á leiðinni er gott að sá sem byrjar segi upphaflegu setninguna upphátt líka.

b) Að hvísla hrósi

Leikurinn byrjar á því að nemendur rifja upp eins mörg hrósyrdi sem ekki tengjast útliti (þ.e. ekki sæt/ur og þess háttar) og þeir geta og kennarinn skrifar þau á töfluna.

Síðan er bekknum skipt upp í hæfilega stuttar raðir.

Fremsta barnið snýr sér að því næsta fyrir aftan og hvíslar: mér finnst þú vera... og setur inn hrós að eigin vali. „Mér finnst þú vera skemmtileg/ur“ til dæmis. Næsta barn tekur við hrósinu og bætir sínu við: „Mér finnst þú vera skemmtileg/ur og frábær“. Þriðja barnið þarf að muna fyrstu tvö hrósyrdin og bæta einu við og svo koll af kolli. Síðasta barnið reynir svo að segja öll fallegu orðin.

c) Að senda grettu.

Bekknun er skipt upp í raðir.

Fyrsta barnið finnur upp grettu sem það getur haldið. Síðan snýr það sér við og næsta barn hermir eftir grettunni (og reynir að hlæja ekki). Svo býr það barn til eigin grettu, snýr sér við og næsta barn hermir eftir henni, býr síðan til sína eigin, sendir hana áfram og svo koll af kolli.



INGUNN SNAEDAL

Ingunn Snædal fæddist á Egilsstöðum og ólst upp á Skjöldólfsstöðum í Jökuldal í fjögurra systkina hópi. Hún er kennari að mennt en hefur unnið við allt mögulegt, til dæmis síldarvinnslu, enskukennslu á Kosta Ríka og ferðapjónustu. Ingunn hefur áhuga á ferðalögum, bókum, tónlist og uppeldi dóttur sinnar.



Fyrsta bók ljóðabók Ingunnar, *Á heitu malbiki*, kom út árið 1996. Ljóð úr henni, Barflugur, fékk viðurkenningu listahátíðarnefndar Reykjavíkur 1996 og kom út í ljóðabók listahátíðar sama ár.

Árið 2006 hlaut Ingunn Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir handritið að ljóðabókinni *Guðlausir menn – hugleiðingar um jökulvatn og ást* sem kom út hjá Bjarti um haustið. Bókin hlaut fádæma góðar viðtökur, jafnt hjá gagnrýnendum og almenningi. Hún var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í desember 2006 og valin besta ljóðabók ársins af Félagi starfsfólks bókabúða.

Þriðja ljóðabók Ingunnar kom út sumarið 2008, *í fjarveru trjáa – vegaljóð*. Þeirri bók var líka mjög vel tekið, hún fékk frábæra dóma og var mest selda ljóðabókin það sumarið.

Í nóvember 2009 kemur út fjórða bókin *komin til að vera nóttin* þar sem umfjöllunarefnið er ástin.

ÍSLENSK FERÐALÖG

ekki fleiri Sómasamlökur
og ofkryddaðar franskar
ekki meiri ís í brauði
né boxi
ekki eina karamellu í viðbót
eða djúpsteikt barnabox
farið með þessa andskotans pylsu
mér er sama þótt hún sé frá SS

frekar ríf ég í smátt
servíettur úr hanskahólfinu
en að dreifa meiri harðfiski í bílinn
grillfýla liggur yfir öllu
börnin gosmarineruð afturí

ekki fleiri bensínstöðvaleiki
með kókómjólkurkrafti þeyti ég
tappasafninu út í geim

gular Sprite-stjörnur á himnum



Ingunn Snædal
í fjarveru trjáa

VERKEFNI FYRIR 1.-4. BEKK

Lesið ljóðið saman. Eru einhver orð sem þið skiljið ekki? Hvað með orðið „gosmarineruð? Hvað haldið þið að það þýði? Hvernig leikir eru bensínstöðvaleikir?

Ræðið eftirfarandi spurningar í bekknum:

- Hvað finnst höfundu ljóðsins um matinn í íslenskum söluskálum? Hvernig sjáið þið það?
- Hvað finnst ykkur best að borða á ferðalögum? En hvað finnst ykkur verst að borða á ferðalögum?
- Hvernig nesti er sniðugt að taka með sér í stutt ferðalag? En langt? Um hvað þarf maður að hugsa þegar útbúa á nesti fyrir langt ferðalag?
- Kunnið þið einhver ljóð eða söngva um mat? Flestir kannast eflaust við Piparkökusönginn úr Dýrunum í Hálsaskógi og Grænmetisvísurnar úr sama leikriti. Hvernig væri að rifja þessi skemmtilegu lög upp og syngja þau saman?
- Tilvalið væri nú að fara í gönguferð og taka með sér hollt og gott nesti? Ef aðstaða er fyrir hendi, er hægt að útbúa nestið saman.

EINSTAKLINGSVINNA

Hvernig myndi hin fullkomni söluskáli líta út? Hvað væri þar á boðstólnum? Væru leiktæki fyrir utan? Pláss fyrir gæludýr? Hvað með vörubílana? Hvernig liti söluskálinn út að innan? Hugsaðu þig vel um og teiknaðu stóra mynd af draumaskálanum þínum



INGUNN SNAEDAL

Ingunn Snædal fæddist á Egilsstöðum og ólst upp á Skjöldólfsstöðum í Jökuldal í fjögurra systkina hópi. Hún er kennari að mennt en hefur unnið við allt mögulegt, til dæmis síldarvinnslu, enskukennslu á Kosta Ríka og ferðapjónustu. Ingunn hefur áhuga á ferðalögum, bókum, tónlist og uppeldi dóttur sinnar.



Fyrsta bók ljóðabók Ingunnar, *Á heitu malbiki*, kom út árið 1996. Ljóð úr henni, Barflugur, fékk viðurkenningu listahátíðarnefndar Reykjavíkur 1996 og kom út í ljóðabók listahátíðar sama ár.

Árið 2006 hlaut Ingunn Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir handritið að ljóðabókinni *Guðlausir menn – hugleiðingar um jökulvatn og ást* sem kom út hjá Bjarti um haustið. Bókin hlaut fádæma góðar viðtökur, jafnt hjá gagnrýnendum og almenningi. Hún var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í desember 2006 og valin besta ljóðabók ársins af Félagi starfsfólks bókabúða.

Þriðja ljóðabók Ingunnar kom út sumarið 2008, *í fjarveru trjáa – vegaljóð*. Þeirri bók var líka mjög vel tekið, hún fékk frábæra dóma og var mest selda ljóðabókin það sumarið.

Í nóvember 2009 kemur út fjórða bókin *komin til að vera nóttin* þar sem umfjöllunarefnið er ástin.

ÍSLENSK FERÐALÖG

ekki fleiri Sómasamlökur
og ofkryddaðar franskar
ekki meiri ís í brauði
né boxi
ekki eina karamellu í viðbót
eða djúpsteikt barnabox
farið með þessa andskotans pylsu
mér er sama þótt hún sé frá SS

frekar ríf ég í smátt
servíettur úr hanskahólfinu
en að dreifa meiri harðfiski í bílinn
grillfýla liggur yfir öllu
börnin gosmarineruð afturí

ekki fleiri bensínstöðvaleiki
með kókómjólkurkrafti þeyti ég
tappasafninu út í geim

gular Sprite-stjörnur á himnum



Ingunn Snædal
í fjarveru trjáa

EINSTAKLINGSVINNA

Lestu ljóðið vandlega og svaraðu eftirfarandi spurningum:

Hvað finnst höfundinum um íslenskan sjoppumat? Hvernig sérð þú það?

Ert þú sammála höfundinum? Af hverju?/ Af hverju ekki?

Hvað heldur þú að orðið *gosmarineruð* þýði?

Hvað finnst þér best að borða á ferðalögum?

Hvað finnst þér verst að borða á ferðalögum?

This image shows a single sheet of white paper with horizontal blue or grey ruling lines. The lines are evenly spaced and run across the width of the page. There are approximately 20 lines visible. The paper has a slight shadow on the right side, suggesting it's resting on a surface.

HÓPVINNA

Hvernig myndi hin fullkomni söluskáli líta út? Hvað væri þar á boðstólnum? Hvernig væri aðstaðan inni? En úti? Reynið að hugsa fyrir öllu. Hvað með umhverfismálin, aðgengi fatlaðra, smábörn, aðstöðu fyrir vörubílstjóra og svo framvegis?

Teiknið stóra mynd og skrifið skýringar við, þar sem allar nauðsynlegar upplýsingar koma fram.



KRISTÍN STEINSDÓTTIR

Kristín Steinsdóttir fæddist á Seyðisfirði og ólst þar upp. Hún lauk kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands og BA-prófi í þýsku og dönsku frá Háskóla Íslands. Hún starfaði við kennslu þar til hún sneri sér alfarið að ritstörfum árið 1988.

Fyrstu bækur Kristínar, *Franskbrauð með sultu*, *Fallin spýta* og *Stjörnur og strákapör* gerast heima á Seyðisfirði, en fyrir þá fyrstu, *Franskbrauð með sultu* fékk Kristín Íslensku barnabókaverðlaunin árið 1987. Kristín er afkastamikill höfundur og bækur hennar hafa notið mikilla vinsælda alveg frá byrjun.

Of langt mál væri að nefna allar bækur hennar, en sem dæmi má nefna *Draugar vilja ekki dósagos* sem kom út 1992 og *Kleinur og karry* sem út kom árið 1999. Nýjasta bók hennar *Hetjur* kom út núna í haust. Hún fjallar um drenginn Þórhall sem flytur með fjölskyldu sinni til Þrándheims þar sem dauður kóngur á súlu gnæfir yfir borginni og undarlegir atburðir gerast.

Kristín hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga. Hún fékk, eins og áður sagði, Íslensku barnabókaverðlaunin árið 1987 og Norrænu barnabókaverðlaunin fyrir bókina *Engil í vesturbænum* árið 2003. Sama ár voru Kristínu veitt Barnabókaverðlaun Fræðsluráðs Reykjavíkur. Kristín hefur fengið fjölmörg önnur verðlaun, hún var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs og hún fékk sænsku Pétur Pan silfurstjörnuna árið 2007 svo nokkuð sé nefnt.

Þó Kristín sé þekktust fyrir barnabækur sínar hefur hún einnig skrifað mörg leikrit, fengist við þýðingar og skrifað bækur fyrir fullorðna. *Sólin sest að morgni* kom út árið 2004 og árið 2006 kom bókina *Á eigin vegum*, en fyrir hana fékk Kristín Fjöruverðlaunin.



MINNINGAR

Okkur systkinunum lærist snemma að láta enga eiga hjá okkur. Það er dyggð að kunna að svara fyrir sig. Hallgerður langbrók og Bergþóra létu aldrei sinn hlut fyrir neinum. Þær sendu þræla og drápu menn.

Við sendum tóninn.



Hún segir okkur oft söguna af því þegar hún var lítil, klifraði upp á bæinn og lamdi niður löppunum af því að hún fékk ekki að vera með þegar litla systir hennar var skírð. Og hún tók bræður sína með. Presturinn sagði að það væri ekki pláss í stofunni en mamma segir að honum hafi bara ekki litist á krakkaskarann.

Þangað til hún fékk skarlatsóttina var hún fljót að hlaupa og tuskaði bræður sína til væru þeir henni til ama. Hún var grallari og mér þykir vænt um það.

*Sólin sest að morgni
eftir Kristínu Steinsdóttur.*

Lesið textana vandlega og ræðið eftirfarandi spurningar í bekknum:

- Hvað merkir „að senda tóninn“?
- Hverjar voru þær Hallgerður langbrók og Bergþóra og fyrir hvað eru þær þekktastar?
- Hvað vitið þið um sögumanninn eftir að hafa lesið báða textana?
- Hvað vitið þið um mömmuna?
- Á hvaða tíma haldið þið að þessir atburðir hafi gerst? Hvaða atriði gefa vísbendingu um það?
- Það er presturinn sem ræður því að börnin eru send út. Haldið þið að prestar ráði því nú til dags hvort systkini eru viðstödd skírn eða ekki? Af hverju?/ Af hverju ekki?

HALLDÓRA KRISTÍN THORODDSEN

Halldóra Kristín Thoroddsen fæddist í Reykjavík. Hún las sálfræði við Kaupmannahafnarháskóla og útskrifaðist frá Kennaraháskóla Íslands. Þá lagði hún stund á myndlist í Englandi og lauk prófi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Halldóra hefur haldið tvær einkasýningar og tekið þátt í samsýningum. Hún hefur stundað margs konar ritstörf og fjallað um menningarmál í útvarpi og sjónvarpi.



Fyrsta ljóðabók Halldóru *Stofuljóð* kom út árið 1990. Ljóðabókin *Hárfínar athugasemdir* kom út 1998 og Örsögusafnið *90 sýni úr minni mínu* árið 2002. Halldóra sendi frá sér ljóðabókina *Gangandi vegfarandi* veturinn 2005. Nýjasta bók Halldóru, smásagnasafnið *Aukaverkanir* kom út haustið 2007.

Halldóra er virtur og vandaður höfundur en þó bækur hennar hafi jafnan fengið mjög góða dóma hafa þær ekki alltaf farið hátt. Hún á sér þó marga einlæga aðdáendur sem kunna vel að meta stílsnilld hennar, hún og skarpskyggni.

ÞEGAR MAMMA SAGÐI MÉR ÓMÓRALSKA SÖGU

Þegar ég stal krónunni úr Parísarleiknum og allir krakkarnir eltu mig með spýtuna tók mamma mig á hné sér og sagði mér að hún hefði líka stolið peningum þegar hún var lítil. Það voru spilapeningarnir hans afa. Full dós af einseyringum. Henni datt í hug að fyrir þá mætti fá mikið af sveskjum. Hún tók dósina og fór út í búð og bað um sveskjur fyrir aurana. Kaupmaðurinn grunaði hana um græsku (eftir á ályktaði mamma að honum hefði þótt smápeningarnir of margir). Hann hafði samband við foreldra hennar sem brugðust skjótt við og háttuðu hana ofan í rúm þar sem hún mátti dúsa það sem eftir lifði dags og hlusta á margar sögur um muninn á réttu og röngu. En móðir mín kunni illa að ljúga og hún viðurkenndi dálítið fyrir mér. Þar sem hún lá og tók út sína refsingu hugsaði hún forhert: „Næst ætla ég heldur að taka seðla.“



90 sýni úr minni mínu eftir Halldóru Kristínu Thoroddsen.

Lesið söguna vandlega og ræðið eftirfarandi spurningar í bekknum:

- Hvað vitið þið um sögumanninn eftir að hafa lesið söguna?
- En hvað vitið þið um mömmuna?
- Á hvaða tíma haldið þið að mamman hafi verið barn? Á hverju byggði þið þá ályktun?
- Hvað þýðir orðið ómóralskur? Samkvæmt *Íslenskri orðsifjabók* er það komið inn í íslenskuna úr dönsku. Reynið að finna fleiri erlend orð úr sömu átt sem notuð eru í daglegu tali.
- Eiga textarnir eftir Kristínu og sagan eftir Halldóru eitthvað sameiginlegt að ykkar mati? Hvað þá helst?
- Kunnið þið að hoppa París? Kannski getur bekkurinn rifjað það upp saman.

EINSTAKLINGSVINNA

Nú skalt þú reyna að skrifa minningabrot úr eigin lífi. Reyndu að nota ekki sérnöfn og eyða sem minnstum tíma í lýsingar á umhverfi eða aðstæðum. Komdu þér frekar beint að efninu. Vandaðu þig og finndu stíl sem passar þér og því sem þú vilt segja. Hafðu í huga að minningarnar þurfa ekki endilega að vera gamlar, það sem gerðist í gær og það sem þú manst síðan þú varst fjögurra ára er jafngilt.

Vertu óhrædd/ur við að gera tilraunir og gefðu þér tíma til að vanda þig. Skrifaðu nokkra texta og veldu þá bestu til að lesa fyrir bekkinn. Kannski má safna þeim saman og búa til lítið hefti, vefsíðu eða annað. Safn af vel skrifuðum minningum getur líka verið góð jólagjöf!